



Akureyrarbær



Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2021



Fjársýslusvið

Fjársýslusvið


Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2021 þann 14. desember 2020. Á árinu 2021 samþykkti bæjarstjórn 6 viðauka við fjárhagsáætlun ársins. Hrein áhrif viðaukanna voru 73 millj. kr. viðbótarrekstrarútgjöld.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar gekk vel og var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og var Akureyrarbær rekinn með 752 millj. kr. afgangi. Sjóðstreymið var mun betra en árið áður.


Samstæða Akureyrarbæjar, þ.e. aðalsjóður, Fasteignir Akureyrarbæjar, eignasjóður gatna og umhverfismiðstöð, ásamt fyrirtækjum í eigu bæjarins, s.s. félagslegum íbúðum, Strætisvögnum Akureyrar, Hlíðarfjalli, Hafnasamlagi Norðurlands, Norðurorku og Öldrunarheimilum, var rekin

með 752 millj. kr. afgangi. Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar gekk mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 752 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.184 millj. kr. neikvæðri niðurstöðu. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagns-liði og tekjuskatt var jákvæð um 2.460 millj. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 482 millj. kr. rekstrarafgangi. Meginskýringar á bættri afkomu eru hærri skatttekjur af útsvari og minni aukning lífeyrisskuldbindinga en gert var ráð fyrir.

MYND 1 – REKSTRARNIÐURSTAÐA A- OG B- HLUTA (Í ÞÚS.KR.)




MYND 2 – AFBORGANIR LANGTÍMASKULDA, NÝ LANGTÍMALÁN OG VELTUFÉ FRÁ REKSTRI (Í ÞÚS.KR.)





Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 3.906 millj. kr. sem var 1.736 millj. kr. hærra en áætlað var. Sambærileg fjárhæð árið áður var 2.312 millj. kr. Handbært fé frá rekstri nam 2.748 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 3.355 millj. kr. en fjármögnunarahreyfingar námu samtals nettó 1.310 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 1.145 millj. kr. en ný langtímalán voru 2.000 millj. kr. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 703 millj. kr. og var handbært fé samstæðunnar í árslok 3.215 millj. kr. Veltufé frá rekstri árið 2021 í hlutfalli við tekjur nam 13,74% í samstæðunni og 9,43% í A-hluta. Árið áður voru hlutföllin 8,37% í samstæðunni og 4,47% í A-hluta.

MYND 3 – VELTUFÉ FRÁ REKSTRI SEM HLUTFALL AF TEKJUM





Heildarlaunagreiðslur með launatengdum gjöldum en án hækkunar lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 15.702 millj. kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.495 sem er fækkun um 136 stöðugildi frá árinu áður. Fækkun starfsmanna milli ára skýrist af því að Akureyrarbær rak Öldrunarheimilin í 4 mánuði á árinu 2021 í stað alls ársins árið áður. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar í hlutfalli við rekstrartekjur hennar voru 56,2%. Annar rekstrarkostnaður var 27,9% af rekstrartekjum. Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru 921 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur voru samtals 1.448 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2020 voru skatttekjurnar 876 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.437 þús. kr. á hvern íbúa.


Niðurstaða rekstrar A-hluta var jákvæð um 318 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 1.447 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2021 bókfærðar á 62.775 millj. kr. en þar af voru veltufjármunir 6.620 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu

samkvæmt efnahagsreikningi 36.137 millj. kr. en þar af voru skammtímaskuldir 4.935 millj. kr.

Fjárhagur Akureyrarbæjar er traustur og nam skuldaviðmið samstæðunnar í árslok 86% samkvæmt reglum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en það var 85% árið áður. Skuldaviðmið í A-hluta var 61% í árslok en var 62% árið áður.

MYND 4 – FJÁRFESTINGAR EFTIR FYRIRTÆKJUM 2021 (Í ÞÚS.KR.)






Veltufjárhlutfallið var 1,34 í árslok 2021 en var 1,23 árið áður. Bókfært eigið fé nam 26.637 millj. kr. í árslok en var 25.063 millj. kr. í árslok árið áður. Eiginfjárhlutfall var 42% af heildarfjármagni eins og árið áður.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar/

Á árinu gaf Akureyrarbær (án Norðurorku) út 129.139 reikninga sem er ríflega 13.000 fleiri reikningar en árið áður. Innheimta gekk vel og eru Akureyringar skilvísir nú sem endranær. 96,6% allra reikninga voru greidd á eindaga eða næstu 30 dögum þar á eftir og 97,5% allra reikninga voru greidd eigi síðar en 120 dögum eftir eindaga. 2.630 reikningar voru sendir í milliinnheimtu árið 2021 sem er nokkru minni fjöldi en árið áður (2.779).

MYND 5 – STÆRSTU VERKEFNI FASTEIGNA AKUREYRARBÆJAR
Á ÁRINU 2021 (Í ÞÚS. KR.)





Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2021, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar akureyri.is undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2022

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlstur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is